# Starfsmenntasjóður verslunarinnar

## Ársreikningur

# 2015

Starfsmenntasjóður verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
kt. 421001-2270

# Starfsmenntasjóður verslunarinnar

## Ársreikningur

## 2015

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-8 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa í Starfmenntasjóðs verslunarinnar.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfmenntasjóðs verslunarinnar fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 20. apríl 2016

**Deloitte ehf.**

Pálína Árnadóttir
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstrarafgangur Starfmenntasjóðs verslunarinnar á árinu 2015 nam kr. 16.295.401. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins kr. 130.761.721, bókfært eigið fé í árslok er kr. 130.761.721 og er eiginfjárhlutfall félagsins 100%.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Starfmenntasjóðs verslunarinnar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Starfmenntasjóðs verslunarinnar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. apríl 2016

**Í stjórn**

# Rekstrarreikningur ársins 2015

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld | | 25.805.245 | 12.843.947 |
| Úthlutaðir styrkir | 3 | (10.131.200) | (6.232.704) |
| **Iðgjöld umfram styrki** | | 15.674.045 | 6.611.243 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (2.988.536) | (1.787.381) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 12.685.509 | 4.823.862 |
| Fjármunatekjur | 4 | 4.511.792 | 4.330.678 |
| Fjármagnstekjuskattur | | (901.900) | (866.026) |
| **Rekstrarafgangur ársins** | | 16.295.401 | 8.288.514 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

| Eignir | Skýr. | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | 5 | 4.294.282 | 1.144.548 |
| Handbært fé | 5 | 126.467.439 | 113.346.772 |
| | | 130.761.721 | 114.491.320 |
| **Eignir** | | 130.761.721 | 114.491.320 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Stofnframlag VR | | 8.964.350 | 8.964.350 |
| Óráðstafað eigið fé | | 121.797.371 | 105.501.970 |
| Eigið fé | | 130.761.721 | 114.466.320 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 7 | 0 | 25.000 |
| Skuldir | | 0 | 25.000 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 130.761.721 | 114.491.320 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 12.685.509 | 4.823.862 |
| Breytingar rekstrartengda eigna og skulda | | (3.174.734) | 267.248 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 9.510.775 | 5.091.110 |
| Innborgaðaðar vaxtatekjur | | 4.511.792 | 4.330.678 |
| Greiddir vextir | | (901.900) | (866.026) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 13.120.667 | 8.555.762 |
| | | | |
| Hækkun handbærs fjár | | 13.120.667 | 8.555.762 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 113.346.772 | 104.791.010 |
| Handbært fé í lok árs | | 126.467.439 | 113.346.772 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunarinnar var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli VR og LÍV annars vegar og FA hins vegar sem tók gildi þann 1. febrúar árið 2000.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Innheimt iðgjöld á tímabilinu eru tekjufærð sem iðgjöld tímabilsins. Óinnheimt iðgjöld í árslok 2015 eru ekki reiknuð.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Helstu aðilar sem eru tengdir félaginu eru VR og FA

## 3. Styrkveitingar

**Úthlutaðir styrkir skiptast þannig:**

| **Styrkir til starfsmanna aðildarfyrirtækja:** | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| VR | 7.379.488 | 4.753.346 |
| FVSA | 190.412 | 190.412 |
| Fræðslustyrkir FA | 2.561.300 | 1.190.987 |
| Samtals úthlutaðir styrkir | 10.131.200 | 6.134.745 |

## 4. Fjármunatekjur

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 4.509.530 | 4.330.190 |
| Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum | 2.262 | 488 |
| | 4.511.792 | 4.330.678 |

## 5. Aðrar peningalegar eignir

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Lífeyrissjóður Verslunarmanna | 3.448.068 | 860.345 |
| F.V.S. Akureyri | 46.697 | 62.464 |
| VR | 799.517 | 221.739 |
| | 4.294.282 | 1.144.548 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Bankainnistæður | 126.467.439 | 113.346.772 |
| | 126.467.439 | 113.346.772 |

## 6. Eigið fé

| | Stofnfé VR | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2013 | 8.964.350 | 97.213.456 | 106.177.806 |
| Rekstrarafgangur/(tap) ársins | 0 | 8.288.514 | 8.288.514 |
| Eigið fé 1.1.2014 | 8.964.350 | 105.501.970 | 114.466.320 |
| Rekstrarafgangur/(tap) ársins | 0 | 16.295.401 | 16.295.401 |
| Eigið fé 31.12.2014 | 8.964.350 | 121.797.371 | 130.761.721 |

## 7. Aðrar peningalegar skuldir

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Aðrar skuldir | 0 | 25.000 |
| | 0 | 25.000 |